

**Fimmti fundur Félags um menntarannsóknir
haldinn í húsnæði RKHÍ 12. nóvember 2002 kl. 16:00**

Mættir: Allyson Macdonald, Börkur Hansen, Guðrún Geirsdóttir og Kristín Aðalsteinsdóttir (í gegnum síma). Júlíus K. Björnsson boðaði forföll.

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt.

3. Vetrarstarf FUM

Allyson sendi bréf til Fumara og bað um ábendingar og/eða hugmyndir um vetrarstarfið. Fékk fá svör til að byrja með eftirrekstri sendu 10 félagar bréf þar sem settar voru fram margar ágætar hugmyndir.

Ákveðið að setja á laggirnar 2-4 áhugafundi (Special Interest Group) út frá þessum hugmyndum. Hugað verði að því að fá stjórnendur til að leiða hópana og þróa hugmyndir um starfssvið og markmið hópstarfsins. Rætt um að áhugahópar eigi sér heimastað á heimasíður félagsins.

Rætt var sérstaklega um útgáfumál og hugmyndir félagsmanna þar að lútandi. Berki falið að koma með hugmyndir að hugsanlegum leiðum í útgáfumálum og Allyson beðin að kynna þær hugmyndir á funi RKHÍ um útgáfumál.

Ábendingar hafa komið frá félagsmönnum um nauðsyn þess að hafa samstarf um að sækja styrki í sjóði og ræddu fundarmenn um hvernig félagið gæti stutt við félagsmenn sína á því sviði. Hugmyndir um að hafa upplýsingar um sjóði á heimasíðu og að fjalla sérstaklega um þann málaflokk á næsta aðalfundi eða málstofu.

2. Mat á málstofu 4. október

Rætt var um fyrstu málstofu félagsins og hvernig til hefði tekist.

4. Heimasíða

Umræðu um heimasíðu félagsins frestað þar sem Júlíus komst ekki á fundinn. Þó var rætt um hugsanlegt kerfi til að halda utan um umræður áhugahópa.

5. Önnur mál

Fjallað var um næsta aðalfund félagsins og þá hvort halda bæri hann á stofnfundadegi eða á einhverjum öðrum tíma. Rætt um möguleika á að tengja aðalfund öðrum viðburðum á sviði menntamála s.s. UT2003 sem haldið verður á Akureyri.

Fundi slitið um kl. 18:00
Guðrún Geirsdóttir